

## Komið sæl

Nú er janúar á enda og ótrúlegt hvað við höfum verið heppin með veðurfarið þó svo hálfkan hafi aðeins verið að stríða okkur. Við förum varlega en það getur verið erfitt að fóta sig bæði fyrir börn og kennara. Kennarar eru hvattir til að nota brodda en gamalt húsráð er að klæða börn í ullarsokka yfir stígvélin. Ég hef ekki reynslu af þessu húsræði og velti fyrir mér hversu lengi sokkarnir duga en það væri forvitnilegt að prófa. Hálfkan hefur samt ekki aftrað okkur í útiveru og sem betur fer nær engin slys orðið á útisvæðinu.

Þorablótið okkar gekk mjög svo vel. Hólakot og Skakka-land borðuðu í salnum, allir voru með hjálma og sungin voru þorralög undir vaskri stjórn Sigrúnar Ingibjargar yfir borðhaldi. Skemmtilegast fannst börnunum sá siður að fá að lemja í borðið þegar við sungum lagið Hangi-kjötslæri því það er jú aðeins leyfilegt á þorablóti. Spennan var gífurleg, sum tóku fullan þátt og lömdu hressilega meðan önnur undruðust þessi læti og héldu sig til hlés. Flest borðuðu ágætlega af matnum og í lokin fórum við í að smakka súru pungana og sultuna og svo hákarlinn. Ekki voru margir sem vildu fá meira en einstaka barn borðiði súrmatinn með bestu list.

Nú í lok janúar var tannverndarvika og fóru öll börnin í gegnum einhverja fræðslu um tennur, óhollt og hollt, hlustuðu á Karíus og Baktus og/eða horfðu á myndbandið með þeim félögum.

Nú í febrúar er nóg að gera. Þann 3. febrúar er lokað vegna námskeiðs og skipulagsdags. Dagur leikskólans er þann 6. febrúar (sjá dagskrá á næstu síðu) og dagur stærðfræðinnar er þann 7. febrúar. Þann 28 febrúar er svo náttfatadagur. Foreldrasamtöl hefjast á Skýjaborg svo foreldrar eiga von á fundarboði á næstu dögum. Ég (Drífa er að fara í leyfi frá 4-16 febrúar og mun hún Arna stýra starfinu á meðan.

Bestu kveðjur Drífa

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

## Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla, Ingólfur Oddi)

Karl Ingi (Bríet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)



## Uppbyggingarstefnan

Öryggi er einn af mikilvægustu þáttunum í lífi okkar allra. Öryggi í uppbyggingarstefnunni er táknað með húsi og skýringin að oftast má tengja öryggi við heimili og húsaskjól. Það er okkur mikilvægt að eiga okkur stað, að eiga fatnað, fá að borða og hreyfa okkur, fá menntun og síðar starf en eitt af því mikilvægasta er varðar öryggi er einhver einstaklingur sem við getum leitað til.

Samskipti er stór þáttur í lífi okkar allra, við erum í samskiptum við fjölskylduna, vini, og fjölskyldur þeirra, vinnufélaga og fjölskyldur þeirra, starfsfólk leikskóla og skóla og svo má lengi telja. Til að geta átt í góðum samskiptum er mikilvægt að þekkja sjálfan sig og þarfir sínar. Hver og einn einstaklingur er á sinn hátt einstakur og það ber að virða. Við leggjum áherslu á jafnrétti og að virða hvern og einn á sínum forsendum. Allir þarfnast þessa að hafa áhrif, að tilheyra einhverjum, frelsi, gleði og ekki síst öryggi til að ná fótfestu í lífinu.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





## Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Grænfánaskýrslan fyrir skólaárin 2012-2014 er nú tilbúin og farin til Landverndar. Skólinn verður síðan tekinn út í mars og þá tekin ákvörðun hvort við fáum endurnýjun á grænfánanum. Áætlaður flöggundagur er 28. maí í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Ef þetta gengur upp allt saman verður sveitaferðin sama dag en samkvæmt skóladagatali er hún áætluð þann 23. maí. Við vonum að þetta komi ekki að sök.



Ösp er einkenni Krílakots

Víðsvegar má finna orðsendingar og mynd af Ösp sem á að minna okkur á að vernda umhverfið.

Í Krílakoti leggjum við áherslu á hollan og góðan mat

Þegar börnin eiga afmæli er boðið uppá ávexti

Við fáum alltaf matarbrauð sem er bakað á staðnum



Foreldrafélag Krílakots  
Skólaárið 2013-2014

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)

Snæpór (Hólmar Elí)

Guðríður (Hákon Bragi)

Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

## Lýðræði

Starfsfólk leikskólans fer á fyrirlestur nú í janúar hjá Helgu, kennara í Lundarseli á Akureyri en hún kynnti hvernig unnið er markvisst að jafnrétti kynjanna með heimspekilegu ívafi.

Þann 3. febrúar er annar fyrirlestur um lýðræði.

Í kjölfarið þá ætlum við að setja gleraugun á nefið og skoða efnivið skólans með tilliti til kynja og fjölmenningar.

Hvaða efnivið við erum að bjóða uppá í skólanum?

Hvernig er talað við börnin?

Fá börnin val og fleira.

Skemmtileg vinna framundan sem vonandi skilar sér vel út í starfið í leikskólanum.

Allir eiga að hafa eitthvað val.

Börnnum finnst gaman að fara í bókasafni og fá velja bækur til láns.



## Söguskjóður

Einhver ykkar hafa líklegast rekist á umfjöllun um verkefnið okkar söguskjóður. Við erum ákaflega stolt af þeirri athyglil sem verkefnið okkar hefur hlotið en við vorum tilnefnd til nýsköpunarverðlauna nú á dögum. Við fengum ekki verðlaunin en fengum ásamt fjórum öðrum verkefnum viðurkenningu fyrir vel unnið verkefni. Sjá má frekari umfjöllun um söguskjóðurnar á Dalvik.is en ný síða er í vinnslu hjá okkur þar sem fljótlega verður að finna hinar ýmsu upplýsingar um verkefnið.



# Dagur leikskólans 2014



Opið hús í Krílakoti

6. febrúar 2014

Frá klukkan 14-16

Allir velkomnir

Stöðvavinna og allir geta rölt á milli svæða og tekið þátt í starfinu

Svæði í boði:

Myndasýning á Appelsínugula

Hreyfing á Holi við Skýjaborg  
Stóru plastkubbarnir á Skýjaborg

Tónlist og myndsköpun á Hólakoti

Púsl og Söguskjóður á Skakkalandi

Litlir legókubbar á Bleika svæði

Perlur og Pinnar í Listasmiðju

Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins í salnum

Bestu kveðjur

Börn og starfsfólk Krílakoti